

Þess oftast sem vonbrigði verða, þess ömurlegra og kaldara verður lífið þeim, sem fyrir þeim verður. Og fyrir þeim varð Einar seint og snemma.

Greindarmennirnir eru engan veginn sælustu mennirnir.— Þeirra sálarsvið er ekki þar, sem grasið er mest í búfjárhöggunum.

Þeir gera flestir stórar kröfur til lífsins, máskje stærri en svo, að sanngjarnt sé að vonast eftir uppyfylling þeirra.

Margt hefir Einar vel ritað, og margt skörulega talað; en oft var hugsunin nokkuð einsleg og ósveigjanleg. Og honum var, eins og Hallmundi, óljúft að láta draga taumana úr höndum sér.

Hann var ágætur liðsmaður, þar sem hann vildi vera það, og eg hygg, þó ekki sé eg því vel kunnugur, að fyrir hans forngöngu hafi hér um eitt skeið unitara-félagsskaparmál ekki hætt að vera til.

Og vera munu þeir til, sem ástæðu hafa til að syrgja Einar sem sinn einlægasta, trúasta og bezta vin.

En orðheldni ástarinnar, loford vonarinnar, réttlætistilfinning manna og—lífslöngunin, það brást honum alt saman.

Þetta sá hann og las það svo greinilega út úr lífinu í kringum sig.—

Svo var þá að eins eitt eftir, það, að geta gleymt, og geta „aldrei framar dreymt“.

*Kristinn Stefánsson.*

